

# Reglur fyrir gesti í SOS Barnaþorpum

## Velkomin í SOS Barnaþorpið okkar!

Í þessari heimsókn kynnist þú lífinu í SOS Barnaþorpinu okkar. Á meðan á heimsókninni stendur átt þú eftir að kynnast SOS börnunum og fjölskyldum þeirra og sjá hvernig daglegt líf þeirra gengur fyrir sig. SOS fjölskyldurnar búa í húsum sem byggð voru með því markmiði að þær gætu búið þar til lengri tíma. Starfsmenn SOS Barnaþorpanna munu sýna þér þorpið og svara öllum þínum spurningum. Vinsamlegast athugaðu að ekki er víst að enskumælandi starfsmaður sé í þorpinu.

Við leggjum áherslu á velferð barnanna í samræmi við Barnasáttmálann og stefnu samtakanna um vernd barna. Við viljum að SOS börnin alist upp í öruggu og vernduðu umhverfi þar sem vanræksla, misnotkun og ofbeldi er ekki liðið. Til þess að gera heimsóknina sem gleðilegasta fyrir alla aðila eru ákveðnar reglur sem nauðsynlegt er að fylgja. Reglurnar vernda börnin og fjölskyldulíf þeirra.



## Við biðjum þig um að:

- virða heimili, einkalíf og heiðarleika barnanna og SOS fjölskyldunnar
- heimsækja SOS Barnaþorpið í fylgd með starfsmanni SOS
- gæta þess að þú klæðir þig á viðeigandi hátt (t.d. í samræmi við menningu á hverjum stað)
- koma fram við börnin og starfsfólkið af virðingu og á viðeigandi hátt
- koma eins fram við öll börnin. Ef þú ætlar að koma með gjafir, vinsamlegast veldu þá gjöf sem öll börnin geta notið góðs af.
- forðast að gera eða segja eitthvað sem gæti niðurlægt börnin eða látið þau finna fyrir vorkunn. Öll samskipti þurfa að vera við hæfi.
- tala ekki um persónulega hluti barnanna opinberlega né segja þriðja aðila sem ekki er í þínum innsta hring fjölskyldu og vina, frá þeim. Þá biðjum við þig um að nota aðeins fyrsta nafn barnanna ef þú ætlar að birta eitthvað um börnin á samfélagsmiðlum (t.d. í texta, á myndum, á vídeó eða í hljóðbroti).
- biðja ekki börnin um að tala um fortíð sína, bakgrunn eða aðra hluti sem gætu mögulega komið þeim úr jafnvægi eða minnast á persónulegar upplýsingar sem gætu verið niðurlægjandi (t.d. heilsuvandamál eða neikvæða hegðun).
- fá leyfi áður en þú tekur myndir eða vídeó (hjá starfsmönnum og einstaklingum sjálfum)
- taka aldrei mynd af neinum í SOS Barnaþorpinu, hvorki barni né fullorðnum, gegn vilja þeirra, jafnvel þó þú hafir fengið leyfi hjá starfsmanni SOS.

## Reglur fyrir gesti í SOS Barnaþorpum

**Þ**ér er velkomið að heimsækja þorpið einn dag á ári. Eins og heimsóknir eru vel liðnar, þá flokkast þær undir sérstaka atburði. SOS fjölskyldan þarf að fá tíma til að lifa sínu eðlilega lífi þannig að börnunum líði vel heima hjá sér. Þá getur þú ekki gist yfir nótt í barnaþorpinu en starfsfólk okkar getur leiðbeint þér með gistingu.



SOS Barnaþorpið er heimili fjölskyldna, ekki ferðamannastaður. Til að gera heimsóknina sem ánægjulegasta vinsamlegast:

- ekki vera ein/n með barni eða bjóða því að koma með þér út fyrir þorpið
- ekki gefa börnum eða SOS mæðrum upp heimilisfangið þitt, netfang eða símanúmer
- ekki bjóða börnum í heimsókn til heimalands þíns
- ekki velja eitt ákveðið barn til að styrkja (barninu vantar kannski ekki styrktarforeldra eða er jafnvel ekki hluti af styrktarkerfinu. Við getum tekið við umsókn þinni um að fá að styrkja barn en þá komum við upplýsingunum til starfsmanna SOS í heimalandi þínu)
- ekki gefa börnunum peninga eða dýrar gjafir (t.d. farsíma og tölvur). Þú átt að fá kvittun fyrir öll framlög

Láttu okkur vita ef þú hefur einhverjar spurningar eða ef þig vantar nánari útskýringar!

**Þ**akka þér fyrir stuðninginn og áhugann á starfi okkar. Við vonum að þú deilir upplifun þinni af heimsókninni með löndum þínum. Það hjálpar okkur að gefa fleiri börnum heimili. Þá væri vel þegið að fá að heyra um heimsókn þína í barnaþorpið eftir að þú kemur heim. Vinsamlegast hafðu þá samband við Hans Steinar upplýsingafulltrúa á [hans@sos.is](mailto:hans@sos.is) Með fyrirfram þökk!

---

### Staðfesting á vitneskju um reglur fyrir gesti í SOS Barnaþorpum:

Ég staðfesti að mér er kunnugt um reglur fyrir gesti í SOS Barnaþorpunum og ég mun fylgja þeim í minni heimsókn í SOS Barnaþorp.

**GILDANDI LÖG:** Samningi þessum má ekki breyta nema með skriflegu samþykki aðila hans. Samningurinn fellur undir og skal túlkaður í samræmi við landslög. Komi til brots á stefnu samtakanna varðandi vernd barna áskiljum við okkur rétt til að grípa til viðeigandi ráðstafana.